



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 5.tbl.

Maí 2017

UPPSPRETTAN 2017

Brokk og skokk

Byggðarhátíðin í Skeiða-
og Gnúpverjahreppi
verður haldin í Árnesi
17-18. júní

Bjástrað á bæjunum



matur

leiktæki

tónlist

prautir og sprell

ljósmyndasýning

Hlökkum til að sjá ykkur!
Menningar- og æskulýðsnefnd





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 6.júní 2017.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

Gott að hafa bók við höndina - alltaf. ☺

S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 08:00 -16:00

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Blóðprufur teknar á morgnana kl. 8:15 til kl 11 og nauðsynlegt er að vera fastandi fyrir blóðprufur, þá fæst réttari útkoma ☺

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við Tvísteinabraut vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið við Árnes opið:

Þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæðin eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.

Flokkum heima og leggjum svo af stað á gámasvæðin ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Sumarlokun skrifstofu sveitarfélagsins sumarið 2017.



Skrifstofan verður
lokuð frá 10.– 26. júlí
vegna sumarleyfa starfsmanna.
Sveitarstjóri.



Vorfundur Kvenfélags Skeiðahrepps 2017

verður haldinn laugardaginn 27. maí í Skyrgerðinni í Hveragerði. Eftir fundinn verður okkur boðið upp á skyrgerðarkynningu með skyrsmakki ásamt hádegisverði, sem er fiskur dagsins og meðlæti, 2.990 kr á mann.

Farið verður frá Brautarholti kl. 10:30. Eftir fund og góðan mat stendur til að skoða, fræðast og jafnvel versla eitthvað í Hvergerði. Áætluð heimkoma er kl. 18:00.

(Nánari upplýsingar birtar á Facebook og með tölvupósti þegar nær dregur) Far með hópferðabíl BMB kostar 1.000 kr á mann.

Tilkynna þarf þátttöku í síðasta lagi þann 25. maí til Hörpu Dísar 899-9653. Einnig hægt að skrá sig á Facebook og með því að svara tölvupósti.

Með vorkveðju,
Stjórinn.





Leikskólinn Leikholt



óskar eftir að ráða leikskólakennara í
60-80% stöðu með möguleika á auknu
starfshlutfalli þegar líður á vetur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 8. ágúst eða eftir sam-
komulagi. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til
að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara
að upp eldi og menntun leikskólabarna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og
foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Leikskólinn Leikholt er Grænfána leikskóli þar vinna 10 starfsmenn
og þar ríkir góður vinnuandi, við leggjum áherslu á ART þjálfun,
umhverfismennt, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leik-
inn. Einkunnarorð leikskólans eru: Gleði, vinsemd og virðing.

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími
486-5586/895-2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt
ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í
stöðuna. Starfið hentar jafnt körlum sem konum og launakjör eru
samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi
stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017.

Nemendur í fyrsta bekk fá hjálma að gjöf – Nemendur í 1. bekk skólans fengu á dögnum hjólahjálma að gjöf frá Kiwanishreyfingunni á Íslandi. Hér sjást börnin glöð í bragði með hjálmana sína.

Með Íslenska fánann í öndvegi – Á dögnum fengu nemendur í 2. bekk Þjórsárskóla íslenska fánann að gjöf frá skáta-hreyfingunni, ásamt bækling með fróðleik um fánann. Kærar þakkir fyrir okkur.



Skógarferð – Þann 25. apríl fórum við í skógarkennslu inn í Þjórsárdal. Þar var farið í göngutúra, fuglaleik, fjársjóðsleik og fleira. Elsti hópur leikskólans voru gestir okkar í ferðinni og það var mjög gaman að fá þessa duglegu krakka með okkur í ferðina.

Samstarf við leikskólann – Elstu börnin í Leikholti hafa verið í skólaheimsóknum í Þjórsárskóla í vetur. Er þetta liður í að brúa bilið milli skólanna og auka öryggi barnanna þegar þau koma yfir í grunnskólann. Þau hafa komið á fimmtudögum og verið í stöðvavinnu með nemendum í 1.- 2. bekk. Nú í apríl komu síðan börnin heilan dag í skólann með skólabílum. Það verður gaman að taka á móti þessum duglegu börnum í skólann í haust.



Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2017 – Árlega taka nemendur í 5.-7. bekk þátt í nýsköpunarkeppninni. Í ár komust Þórkátla Loftsdóttir og Friðla Rún Eiríksdóttir áfram í úrslit með hugmynd sína um skartgripamöppu. Kennari þeirra er Bente Hansen. Við erum mjög stolt af þeim stöllum en verkefni þeirra var eitt af 25 sem komust áfram í úrslit. Alls bárust inn í keppnina yfir 1100 hugmyndir frá 33 skólum á landinu. Það verður gaman að fylgjast með þeim stöllum útfæra hugmyndina sína enn frekar síðar í maí.

Kveðjur úr skólanum.
Kristín og Bolette



Kvennareiðtúr 19. júní!

Sælar konur

Nú styttest í 19. júní. Að þessu sinni ákvað nefndin að hittast á Lómsstöðum kl. 13:00. Þaðan verður lagt af stað í ca. þriggja tíma reiðtúr um Fossness- og Hamarsheiðarhagana. Endum svo á Lómsstöðum þar sem Pizzuvagninn bíður okkar með ilmandi pizzur og eitthvað til að skola þeim niður með. Þær konur sem

komast ekki ríðandi eru velkomnar í matinn.

Reiknum með að borða milli 5 og 6 síðdegis.

Verðið er kr. 1.500 - gosdós eða sódavatn innifalið.

Posi er á staðnum. Á fésbókinni er til hópur sem heitir “Kvennareiðtúr 19. júní” þar sem hægt er að tilkynna þátttöku og fá frekari upplýsingar.

Einnig er hægt að tilkynna þátttöku til Helgu á

Lómsstöðum í síma 8654613 og Guðbjörgu í Heiðargerði í síma 8685813. Gott að vita hversu margar ykkar koma upp á matinn.

Hvetjum allar konur til að mæta og gera sér glaðan dag!

Með bestu kveðju,

Nefndin



Frá SR grænmeti

Smiðjustíg 10 - Flúðum

Verðum með kálplöntur og kryddjurtir til sölu í heimagarða frá og með 20. maí, einnig áburð og akril í metrávis.

Opið um helgar 10 – 16. Miðri viku 13 -16.


Símar 862-2374 og 486-1070.



Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.





AFMÆLIS- OG STYRKARTÓNLEIKAR

Í tilefni af 50 ára afmæli Árnesingakórsins í Reykjavík verða haldnir afmælistónleikar í **Langholtskirkju miðvikudaginn 17. maí kl 20:00**. Stjórnandi kórsins er sem áður Gunnar Ben og meðleikari verður Bjarni Þ. Jónatansson. Gestur okkar verður Valgerður Guðnadóttir sópran. Á efnisráð tónleikanna er að finna valdar perlu frá 50 ára söngferli kórsins. Hægt verður að tryggja sér miða á kor@kor.is

Einnig verða haldnir tónleikar til styrktar nýrrar byggingar hjúkrunarheimilis á Selfossi. Tónleikarnir verða haldnir að Borg í Grímsnesi 20. maí n.k. klukkan 16:00. Stjórnandi er Gunnar Ben og meðleikari er Bjarni Þ. Jónatansson. Allur ágóði mun renna til hjúkrunardeildanna Fossheima og Ljósheima á Selfossi.

Um hádegisbil laugardaginn 20. maí mun kórinn syngja fyrir íbúa á hjúkrunarheimilinu Fossheimum / Ljósheimum á Selfossi.

Til gamans má geta þess að kórinn söng fyrst opinberlega á Jónsmessumóti Árnesingafélagsins í Reykjavík í júní 1966 sem haldið var að Borg í Grímsnesi undir stjórn Jónasar Ingimundarsonar. Í framhaldi af því var Árnesingakórinn í Reykjavík stofnaður 14. febrúar 1967 og hefur starfað óslitið síðan.

Kórinn hefur ferðast víða á árunna rás, meðal annars til allra Norðurlandanna og ýmissa annarra Evrópulanda. Auk þess hefur hann haldið fjölda tónleika víða um land og tekið þátt í kórastefnum. Fyrsti stjórnandi kórsins var Puriður Pálsdóttir. Stjórnandi kórsins frá 1988 til vors 2001 var Sigurður Bragason barítónsöngvari og tónskáld. Haustið 2001 tók Gunnar Ben við stjórn kórsins. Undir stjórn hans hefur kórinn leyst af hendi ýmis krefjandi verkefni. Má þar nefna þátttöku í Choir Olympics, einni stærstu kórakeppni heims, í Bremen árið 2004 þar sem hann fékk silfurviðurkenningu í sínum flokki. Kórinn er eini íslenski kórinn sem hefur tekið þátt í þessari kórakeppni.

Kórinn hefur gefið út fjóra hljómdiska og tvær hljómplötur. Í vetur gaf kórinn út hljómdiskinn "Landróver" til að minnast 50 ára afmælisins um leið og kynnt var nýtt sviðs nafn, **ÁR kórinn**.



Ekki missa af þessu!

Við höldum upp á afmæli okkar
miðvikudaginn 17. maí kl. 20:00.

Á efnisskránni er að finna „bestu“ lögin okkar
úr 50 ára sögu Árnesingakórsins í Reykjavík.
Popp, gömul og ný dægurlög, íslensk, erlend...
Komdu og fagnaðu með okkur!

Kórstjórinn er enginn annar en Gunnar Ben
og með kórnum syngur Valgerður Guðnadóttir sópran.
Meðleikari verður Bjarni Þ. Jónatansson.

Pantaðu miða núna á kor@kor.is

Hlökkum til að sjá þig

ÁR kórinn

Tónleikarnir eru haldnir í Langholtskirkju.

Forsöluverð: 3.000 kr.—Við innganginn: 3.500 kr.
Börn 4 - 12 ára: 500 kr.— Fritt fyrir börn yngri en 4 ára.



Ekki missa af þessu!

Við ætlum að halda styrktartónleika
laugardaginn 20. maí kl. 16:00.

Tónleikarnir eru haldnir til styrktar hjúkrunardeildunum
Fossheimum og Ljósheimum á Selfossi.

Á efnisskránni er að finna „bestu“ lögin okkar
úr 50 ára sögu Árnesingakórsins í Reykjavík.
Popp, gömul og ný dægurlög, íslensk, erlend...
Komdu og fagnaðu með okkur!

Kórstjórinn er enginn annar en Gunnar Ben.
Meðleikari verður Bjarni Þ. Jónatansson.

Pantaðu miða núna á kor@kor.is

Hlökkum til að sjá þig

ÁR kórinn

Tónleikarnir eru haldnir í
Félagsheimilinu að Borg

Miðaverð: 3.000 kr.—Börn 4 - 12 ára: 500 kr.
Fritt fyrir börn yngri en 4 ára.

Fréttir af aðalsafnaðarfund Stóra-Núpssóknar.

Fundurinn var haldinn 24.apríl s.l. og má segja að hann hafi verið með seinni skipunum þetta árið. Fram kom í skýrslu formanns að árið 2016 hafi verið gott ár í safnaðarstarfinu að mati sóknarnefndar í Stóra-Núpssókn.

Messusókn var með ágætum og reynt hefur verið að auka fjölbreytni í starfinu. Vigslubiskupinn sr. Kristján Valur Ingólfsson vísitæði þann 13 júní. Prófastur sr. Halldóra Þorvarðsdóttir og sr. Óskar sóknarprestur voru með í för. Var gott að fá glöggt gestsauga og samræður um starfið og þessi heimsókn jók hug og djörfung sóknarnefndar. Kjósa þurfti gjaldkera og varamann og einnig í kjörnefnd prestakallsins. Gjaldkeri og varamaður gáfu báðir kost á sér áfram og samþykkt var að sóknarnefnd og hennar varamenn verði í kjörnefnd prestakallsins. f.h Stóra– Núpssóknar.

Aðalmenn í sóknarnefnd og kjörnefnd eru því:

Daði Viðar Loftsson, ritari	2015-2019
Kristjana H. Gestsdóttir, form.	2015-2019
Ámundi Kristjánsson, gjaldk.	2017-2021

Varamenn í sóknarnefnd og kjörnefnd

Árdís Jónsdóttir	2015-2019
Helga Kristinsdóttir	2015-2019
Einar Bjarnason	2017-2021

Viðgerðir á kirkjunni ganga vel, smiðir hafa lokið verki að langmestu leyti og málarafr eru nú að störfum, það eru þeir Helgi Grétar Kristinsson Hveragerði og Aðalsteinn Aðalsteinsson og Þórarinn Ágúst Pálsson hjá Akrylmálun ehf. Um rafmagnnið sér Jón Hákonarson í Ásum og Súperlagnir ehf á Selfossi um pípulögnina. Verkið er vel á undan áætlun svo sóknarnefndin er bjartsýn þessa stundina. ☺

Kirkjan fékk góðan styrk úr Húsafriðunarsjóði og annan úr Kirkjugarðasjóði og eru fjármálin í þokkalegu jafnvægi. Við vonum bara að ekkert stórvægilegt komi upp á úr þessu sem ekki var búist við og raski stöðunni.

Nú er vorið vonandi á næsta leyti og vorverkin framundan. Sóknarnefnd hefur áhuga á að snyrta garðinn og bendum við fólki á að hafa samband við okkur ef það vill taka af trjám því ekki er vanþörf á því á nokkrum stöðum í garðinum. Starfsmaður garðsins er Ólafur Jónsson gsm 848-1617 en einnig er hægt að senda póst á

kristjanaheyden@gmail.com og amundi@simnet.is ef aðstoðar er þörf.

Við þökkum öllum sem komu að kirkjustarfinu innilega fyrir þeirra þátt í að gera starfið enn betra og innihaldsríkara!

Með sumarkveðju.
F.h. Sóknarnefndarinnar,
Kristjana H. Gestsdóttir.

Séð yfir nýjasta hluta garðsins sem er nú frágenginn.



Árnes Breakfast

07:00-10:00

Bjóðum upp á morgunverð
í félagsheimilinu í Árnesi
alla morgna frá
6.júní - 3.ágúst
petajonsd@gmail.com
S:899-2910



Pizzavagninn

er með heimasíðu
www.pizzavagninn.is einnig
er hægt að fylgjast með
okkur á facebooksíðunni
okkar.

Sími 899-2910



Korngrís frá Laxárdal

Seljum svínakjöt í hálfum
skrokkum fullunnið eða ó-
unnið eftir óskum hvers og
eins. Pantanir sendist á
korngrís@korngrís.is
Erum á facebook.



Laus störf við Flúdaskóla



Hrunamannahreppur

Í Flúdaskóla eru um 100 nemendur í 1. – 10. bekk. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, ábyrgð nemenda og góða samvinnu við alla sem að skólastarfinu koma.

Eftirfarandi kennarastöður eru lausar til umsóknar:

Tónmenntakennari

Starfshlutfall 40 % ótímabundin ráðning, tónmennt í 1. – 5. bekk og kór.

Íþróttakennari

Starfshlutfall 60 % tímabundin ráðning skólaárið 2017 – 2018

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari
- Lipurð og hæfni í samskiptum
- Vera opin fyrir nýjungum í skólastarfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknarfrestur er til 22. maí 2017.

Umsóknir skal senda á netfangið gudrunp@fludaskoli.is

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 4806611 eða í tölvupósti sem áður er getið.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt. **802**



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og plökkun.



**Tímabantanir í
síma: 856-1599**

Stóðhestar til notkunar í Vorsabæ 2

Hreyfill frá Vorsabæ 2 mun taka á móti hryssum á húsgangmáli til 25. júní.

Bygging: 8,50

Hæfileikar: 8,56

Aðaleinkunn: 8,54



Forseti frá Vorsabæ 2 mun taka á móti hryssum á húsgangmáli í vor og í girðingu í allt sumar.

Bygging: 8,39

Hæfileikar: 8,71

Aðaleinkunn: 8,58



Kjarkur frá Skriðu mun taka á móti hryssum í girðingu frá og með 26. júní 2017.

Bygging: 8,13

Hæfileikar: 8,53

Aðaleinkunn: 8,37



Upplýsingar veitir Björn í síma:
8619634 bjornjo@vorsabae2.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala




Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Kvenfélag Gnúpverja



Vorfundur / ferð, Kvenfélags Gnúpverja 2017

Vorfundurinn okkar verður haldinn 20. maí nk. Við ætlum að halda hann á Hallveigarstöðum í Reykjavík. Lagt verður af stað með rútu frá Árnesi kl.10:00 Á Hallveigarstöðum höldum við fundinn og fáum hádegishressingu. Þar mun góður sveitungi okkar taka á móti okkur og segja eitthvað skemmtilegt. Síðan er skoðunarferð um Reykjavík og gerum daginn eftirminnilegan. Endað verður á kvöldmat í miðbænum kl.ca.17.00.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku fyrir **15. maí** til Helgu lomsstadir@gmail.com eða í síma 865-4613 Helga 862-4452 Hrafnhildur. Eins ef óskað er eftir frekari upplýsingum. Hjálpumst að við að gera daginn góðan, með von um góða þátttöku.

Athugið að nýir félagar eru ávallt velkomnir.
Skemmti-og fræðslunefnd og stjórn.
Kvenfélags Gnúpverja.



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180
Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2017

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún og ber að skila þeim til hans **Sími: 848-1619**

Gjaldskrá 2017 gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Staurabor	1.155 kr pr. klst.
Haugsuga 11,5 T	15.750 kr pr. dag
Haugsuga 15 T	17.850 kr pr. dag
Skádæla	10.000 kr ,pr. dag
Brunndæla	10.000 kr ,pr. dag
Rafmagns flórhæra	8.950 kr pr. dag
Pinnatætari	4.200 kr/klst,
Hnífatætari	4.200 kr/klst,
Flaghefill	3.150 kr/klst. Lágmarksgjald 4.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m,	4.750 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.500 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	3.000 kr/klst. Lágmarksgjald 6.000 kr.
Fjaðraherfi	2.600 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Steypuvél	150 kr/poka, startgjald 5.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	7.500 kr/dag. og 50, kr pr km.
3ja hesta kerra	6.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarféлага Gnúpverja og Skeiða, annars 8.000 kr/dag
Fjölnotakerra (tveimur fetum lengri en sú gamla)	7.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarféлага Gnúpverja og Skeiða, annars 9.000 kr/dag
Klaufskurðarbás fyrir fê	7.500,- kr pr dag. Nýtt í fyrra!
Slóði	3.700,- kr / klst Nýtt í fyrra!
Vendiplógur – opinn, 4ra skera	4.000 kr daggjald og 440 pr km. NÝTT!
Minni kerra	6.000 pr dag fyrir félagsmenn 7.500,- fyrir aðra
Stærri kerra	7.500 pr dag fyrir félagsmenn 9.000,- fyrir aðra.

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því, áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **20.000 kr**. Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka!!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað sendið þá Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum. Gsm. 848-1619

Búnaðarfélag Gnúpverja

„Í hvernig samfélagi vilt þú búa?“

Íbúafundur um mögulega sameiningu sveitarfélaganna í Árnessýslu. Nú stendur yfir greining á kostum og göllum þess að sameina sveitarfélögin í Árnessýslu í eitt sveitarfélag. Verkefninu er stýrt af samstarfsnefnd sveitarfélaganna og ráðgjafarsviði KPMG. Boðað er til íbúafunda vegna þessa verkefnis í hverju sveitarfélagi fyrir sig:

Bláskógabyggð – Aratunga í Reykholti – fimmtudaginn 18. maí kl. 19:30

Grímsnes- og Grafningshreppur – Borg í Grímsnesi – mánudaginn 22. maí kl. 19:30

Árborg – Hótel Selfoss – þriðjudaginn 23. maí kl. 19:30

Hrunamannahreppur – félagsheimili Hrunamanna - mánudaginn 29. maí kl. 20:00

Hveragerðisbær – Grunnskóli Hveragerðis – þriðjudaginn 30. maí kl. 19:30

Skeiða- og Gnúpverjahreppur – Árnes – miðvikudaginn 31. maí kl. 19:30

Flóahreppur – Þingborg – fimmtudaginn 1. júní kl. 19:30

Ölfus – Versalir í Ráðhúsi Ölfuss – miðvikudaginn 7. júní kl. 19:30

Hver fundur stendur yfir í um 2 klukkustundir.

Dagskrá íbúafundanna er svohljóðandi:

1. Stutt ávarp fulltrúa viðkomandi sveitarfélags um ástæður þess að farið er í þessa vinnu.
2. Kynning á sviðsmyndum um framtíð sveitarfélaganna.
3. Yfirferð með íbúum um framtíðaráherslur þeirra.

Sveitarstjórnir í Árnessýslu hvetja alla íbúa til þess að mæta á þessa íbúafundi til þess að kynna sér sviðsmyndir um framtíð sveitarfélaganna. Þarna er einnig mikilvægt tækifæri fyrir íbúa til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Fundirnir eru öllum opnir og komist íbúar ekki til fundar á auglýstum fundartíma í þeirra sveitarfélagi er þeim frjálst að mæta á einhvern hinna fundanna.

Svæði til ferðapjónustu í Þjórsárdal.

Skeiða – og Gnúpverjahreppur auglýsir eftir aðila til að byggja upp ferðapjónustu í Þjórsárdal. Um er að ræða svæði við Reykholt.

Landið er þjóðlenda.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði getu numið allt að 5 hekturum, gera má ráð fyrir áhrifasvæði allt að 25 hekturum. Semja ber við Forsætisráðuneytið sem fer með umboð Þjóðlendunefndar um heitt og kalt vatn á svæðinu. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur samþykkt rammaskipulag um Þjórsárdal, þar er þess getið í kafla 3.3.7 að æskilegt sé að byggja þar upp heilsulind og gistingu.

Meðal þess sem gæti samræmst hugmyndum rammaskipulagsins á svæðinu er baðstaður sem opinn verði almenningi ásamt hóteli og veitingastað. Krafa verður gerð um að allar framkvæmdir verði aðlagðar náttúru og umhverfi. Rík áhersla verður gerð um umhverfisvernd og sjálfbærni.

Innan svæðisins er 2.500 fermetra lóð. fastanr 220-2900. Á henni er sundlaug og mannvirki henni tengd, um þá lóð er í gildi leigusamningur til ársins 2036.

Þekking á svæðinu sem og reynsla af ferðapjónustu er æskileg.

Umsóknarfrestur er til og með 20 maí nk.

Nánari upplýsingar veitir Kristófer Tómasson sveitarstjóri í síma 486-6100, netfang kristofer@skeidgnup.is



Hestamenn og aðrir sem vilja gista í Hólaskógi!

Ef þið viljið gista í **Hólaskógi á Gnúpverjaafrétti** hafið þá samband við Sonju Huld Guðjónsdóttur með tölvupósti info@exstreimeiceland.is Heimasíðan www.holaskogur.is er einnig með upplýsingar um verð og annað.



Messa og fermingar!

25. maí: Messa í Skálholtsdómkirkju kl. 14 á degi eldri borgara.

Hvítasunnudagur:

4. júní: Ferming í Hrepphólakirkju kl.11 og Hrunakirkju kl.14

Auðunn Magni Björgvinsson Laxárdal 2a og
Íðunn Ósk Jónsdóttir, Ásum verða fermd í Hrepphólakirkju
vegna viðgerðanna Stóra-Núpskirkju.

Sóknarnefndin.



Frá eldri borgarafélagi Skeið Gnúp.

Þá fer nú senn að ljúka vetrarstarfi eldri borgarafélagsins en síðasta samvera var 12. maí og endaði á kaffisamsæti í Tryggvaskála en komin er hefð á að enda vetrarstarfið með þeim hætti að fara eitthvert og gera vel við sig í mat og drykk.

Fjórtán samkomur hafa verið þennan veturinn og margir hafa komið til okkar með ýmsan gagnlegan fróðleik og vil ég sérstaklega nefna starfsfólk Velferðarþjónustu Árnesþings í Laugarási sem kom með gagnlegar ábendingar.

Útgefendur hafa komið með og lesið úr nýútkomnum bókum, söngfuglar og tónlistarmenn skemmt okkur, að ógleymdum prestum sem ekki þreystast á að segja sögur.

Þá eru félagar mjög fúsir að koma með eitthvað áhugavert úr sínum ranni og þar er ýmislegt sem kemur á óvart.

Félagsmönnum var boðið á generalprufur þorrablóts í Árnesi, helgileik skólabarna í Árnesi og árshátíðar þeirra og leikskólans í Brautarholti.

Þá var farið í leikhús og varð Mamma Mía fyrir valinu. Haldið var þorrablót á Hestakranni, þegið boð í Skálholt og Félags eldri Hrun. svo eitthvað sé talið.

Sundleikfimi og Yoga hefur verið í gangi í vetur með kennurum og verið vel sótt og ánægja með. Áformað er að fara í júnímánuði til Siglufjarðar og vera tvær nætur. Að framsögðu má sjá að mikill kraftur er í félagsmönnum en þeir eru nú 53. Allir sextíu ára og eldri er velkomnir í félagið og hægt er að hafa samband við einhvern af stjórnarmönnum um það.

Í stjórn eru:

Bjarni Ófeigur Valdimarsson, form.

Erlingur Loftsson, varaform.

Kristín Bjarnadóttir, ritari.

Vilborg Þorsteinsdóttir, gjaldkeri.

Brándur Ingvarsson, meðstjórnandi.

F.h. Eldri Skeið Gnúp.

Bjarni Ófeigur.



Félagsfundur



Lilja Guðmundsdóttir
les upp
frumsamin
ljóð á
aðalfundi.



< Heimsókn Velferðarþjónustunnar í Laugarási. Tone Thorsteinsdóttir og Anna Ipsen komu til fundar.



Árni Þór Hilmarsson, íþróttakennari sá um sundleikfimi í vetur.



Harmonikkuleikari þorrablótsins og kórstjóri eldiborgara:
Vilmundur Jónsson.



Bjarni Ófeigur formaður í pontu á Þorrablótinu.



Prúðbúnir gestir á Þorrablótinu 2017 >

Aðalsafnaðarfundur Ólafsvallasóknar

Boðað er til aðalsafnaðarfundar Ólafsvallasóknar þann 16. maí 2017
í Ólafsvallakirkju kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjaldkera
3. Safnaðarstarf, fréttir af héraðsfundi og biskupskjöri
4. Umgengnisreglur í kirkjugarði
5. Framkvæmdir á kirkju
6. Kosningar
 - a) Kjósa þarf gjaldkera sóknarnefndar og varagjaldkera.
 - b) Kjósa þarf tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs og tvo til vara
 - c) Kjósa þarf þrjá aðila í kjörnefnd og þrjá til vara
7. Önnur mál.

Sóknarnefnd skipa:

Guðjón Vigfússon, formaður	2015-2019
Jóhanna Valgeirsdóttir, ritari	2015-2019
Snæbjörn Guðmundsson, gjaldkeri	2013-2017

Varamenn:

Vilmundur Jónsson	2015-2019
Sigurborg Ólafsdóttir	2015-2019
Haflíði Sveinsson	2013-2017

Skoðunarmenn reikninga til eins árs:

Bjarni Ó. Valdimarsson
Sigmar Guðbjörnsson

Varaskoðunarmenn:

Bjarni G. Bjarnason
Jón Vigfússon

Sóknarnefnd

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is

Kirkjukórarnir á ferðalagi!

Sameiginlegur kór Ólafsvalla og Stóra-Núpskirkna ásamt sóknarpresti og konu hans brugðu sér í ferðalag 5. –7. maí s.l. og þar með var verið að loka í raun kynningu á sálum sr.Valdimars Briem er kórarnir gáfu út á hljómdiski árið 2015. Farið var í Eyjafjörð og gistið að Öngulsstöðum. Komið var við í Akureyrar— og Húsavíkurkirkjum og verksmiðjan á Bakka barin augum. Einnig var stansað við Goðafoss og bændurnir að Stóru-Tjörnum heimsóttir og þegnar þar góðar veitingar og Galleríið skoðað.

En aðal tilgangur ferðarinnar var að syngja við Guðsþjónustu í Grundarkirkju í Eyjafirði, á fæðingarstað Sr. Valdimars Briem en hann var fæddur þar en fluttist í Hruna til föðurbróður síns 10 ára gamall eftir föður og móðurmissi. Grundarkirkja er falleg kirkja og vegleg. Byggð 1904-1905 af Magnúsi Sigurðssyni bóna þar og kostaði um 21 þúsund kr, sem hann greiddi sjálfur. Sr. Hannes Blandon þjónar þar nú og Daníel Þorsteinsson er organisti. Söng Grundarkórinn með okkur og Þorbjörg organisti lék á orgelið. sr. Hannes og sr. Óskar sóknarprestur önnuðust Guðsþjónustuna.

Síðan var öllum boðið í glæsilegt messukaffi í Hrafnagilsskóla sem kór Grundarkirkju sá um. Á meðf. mynd er verið að leggja af stað til Grundar og eins og sjá má lék veðrið við ferðalanga. Vel heppnuð ferð með margar góðar og skemmtilegar minningar en Flugfélag Íslands sá um að koma kórnum á milli landsfjórðunga og ekki var amalegt að virða fyrir sér landið okkar fallega úr lofti á leiðinni því varla var ský á himni! Með góðri kveðju. Kristjana H.Gestsd.





Fréttabréf Leikholts í maí 2017

Þann 28. apríl var haldin Árshátíð Leikholts í salnum okkar góða hér í Brautarholti. Um morguninn komu 1.-4. bekkur úr Þjórskóla og eldri borgarar á Generalprufu og gekk það ljóm- andi vel fyrir sig. Eftir hádegi var síðan árshátíðin haldin með trölla þema ☺ Heklu börnin, börn fædd 2015 og 2016, sungu og/eða klöppuðu með í tveimur lögum „A ramm sa sa“ og „Nú skulum við syngja hvað við heitum“.



Skósveina- og vinahópur



Síðan sungu öll börnin af báðum deildum saman tvö tröllalög „Hátt upp í fjöllumunum“ og „Risatröll“. Eftir það komu tvö leikrit, Fiðrildahópur, 8 barna hópur fædd 2014 og 2015, sýndu leikritið „Geiturnar 6“ tilbrigði við Geiturnar þrjár. Vín- og Skósveinahópur, 16 börn fædd 2011-2013, sýndu frumsamið leikrit sem þau nefndu „Tröll“. Í lokin sungu síðan börnin í Vörðufelli „Bullutröll“. Árshátíðin heppnaðist mjög vel og mættu margir að horfa á börnin sýna leikrit og syngja og þáðu síðan kaffi og kökur og áttu með okkur samverustund. Við þökkum öllum fyrir komuna á árshátíðina ☺

Með árshátíðarkveðjum, allir í Leikholti.



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Er komin aftur til starfa og verð við á
miðvikudögum eða eftir samkomulagi.

Tímapantanir í síma: 863-0433

Allir velkomnir.

Sólveig Jóhannsdóttir.

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur.



Afréttakortið.

Afréttir Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna.

Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**

Kippið einu með í fjallaferðina! Birgðir farnar að minnka 😊

Fæst á skrifstofunni í Árnesi. (Khg)

Fróðleiksmolinn

Hestfjall er 371 metra hátt fjall í Grímsnesi í Árnessýslu. Það stendur við Hvítá á mótis við Hraungerðishrepp og Skeið. Það er eitt af einkennisfjöllum í miðri sýslunni. Norðan við fjallið er stöðuvatnið Hestvatn. Hestfjall er eldfjall frá ísöld. Það hefur grágrýtispekju ofan á bólstrabergi. Hæst er fjallið að norðanverðu þar sem heita Hesteyru. Samkvæmt þjóðsögu liggja göng undir Hestfjall og í þeim felur sig skrímsli sem stundum sést úti í miðri Hvítá. Ef skrímsli þetta skríður burt úr göngum sínum fellur Hvítá um göngin og þornar þá farvegurinn fyrir neðan þau. 😊

Heimild: Frjálsa alfræðiritið Wikipedia.



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli
eða annar mannfagnaður.

Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810.

Kv. Dóri

FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND SMÁRA

Reiðnámskeiði Rósu Birnu lauk 17. apríl. Þáttakendur voru 24. Minnum á námskeiðsgjaldið, 9.000,- **0325-26-039004 431088-1509.**

Reiðskóla Elínar lauk annan og þriðja maí með reiðtúr og pylsupartýi, 20 knapar tóku þátt. Framundan er Hestheimaferð 27 – 28. maí. Skráning á smarakrakkar@gmail.com. Nánar auglýst á fésbók.

Svo heimsmeistarakeppnin í BROKKogSKOKK á upprisunni í júní !

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2017

SMÁRI



Veitandi ehf

**Lauk 8. apríl með keppni í smala og skelði.
Lokastaðan eftir mótarsöðina:**

Barnaflokkur

1	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	50
2	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	42
3	Freyja Linda Andrea Mattsson	Smári	39
4	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	21
5	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	18
6	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	16
7	Dagmar Sif Morthens	Logi	14.5
8	Fjölínir Þór Morthens	Logi	12.5
9	Tristan Máni Morthens	Logi	10.5
10	Snæfriður Rós Sigurðardóttir	Logi	2.5
11	Sigríður Mjöll Sigurðardóttir	Logi	1
12	Helga Nína Þórðardóttir	Smári	0

Unglingaflokkur

1	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi	58.5
2	Aron Ernir Ragnarsson	Smári	48.5
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	47.5
4	Laufey Ósk Grimsdóttir	Smári	33
5	Sölvi Freyr Freydisarson	Logi	17
6	Einar Ágúst Ingvarsson	Smári	15.5

Smári	330.5
Logi	116.5



Nesey ehf



Akrýlmálun ehf

Torfastaðir

Brekkuestar



Styrktaraðilum Uppsveitadeildar Æskunnar er þakkaður stuðningurinn

Gjaldskrá Búnaðarfélags Skeiðamanna 2017

Gjaldskráin er óbreytt á milli ára núna ☺

Lágmarksgjald fyrir öll jarðvinnslutæki er kr 4.000 á hvern sólarhring óháð notkun. Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu, ef ekki þá er tekið þrifagjald **kr. 22.000**. Leigutaki er ábyrgur fyrir skemmdum á tækjum og ber að tilkynna þau til umsjónarmanns. Umsjónarmaður tækjanna er Sigurjón Vilhjálmsson Hlemmiskeiði Tækin eru staðsett við Búnaðarfélagsskemmuna við Brautarholt.

Síminn hjá Sigurjóni er er 863-7111 Leigutíma á að senda til Sigurjóns með sms eða símleiðis strax og tæki er skilað

Næsta tæki verður ekki afgreitt fyrr en tímar eru komnir.

Loftpressa	2.080 kr/klst
Steypuhrærivél	1.390 kr/tökugjald
Haugsuga	4.620 kr/daggjald og 350 kr/km
Fjölnotadreifari	5.500 kr/daggjald og 350 kr/km
Pinnatætari	2.770 kr/klst
Vendiplógur	440 kr/km og 4.000 daggjald
Plógur	2.770 kr/klst
Jarðvegstætari	2.770 kr/klst og 8.500 fyrir hvern brotinn hníf
Sáðbeðsherfi	2.770 kr/klst
Valtari	2.770 kr/klst
Flaghefill	700 kr/klst
Kornsniðgill	400 kr/tn
Kornsláttur	23.000 kr + hráolía og 6000 kr komugjald
Kornvals	2.770 kr/klst
Kerra	5.800 kr/daggjald
Flatvagn	100 kr/km og 4.620 daggjald

MEÐ VÖN UM GOTT SUMAR!



Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider Glampi kostar
nú nýr 199.900 m/vsk

Virkislausir hnakkurinn Heba 149.000 m/vsk

Velkominn að skoða eða sækja prufuhnakk hjá okkur í Vestra-
Geldingaholti



www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús
698 70 90 Josefíne



www.Híalín.is
Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



Á bak við eldavélina!

Komiði sæl, Elísabet Ólafsdóttir heiti ég og þakka Nikulási kærlega fyrir þessa áskorun. Honum fannst mjög gaman að sjá hvort ég væri flinkari en hann að elda og það er ég svo sannarlega. Ég ætla að koma með uppskrift af hakkrúllu sem er í miklu uppáhaldi hjá mér.



Hakk:

500g nautahakk
1 egg
2 msk hveiti
Salt og pipar
1 tsk paprikukrydd
1 tsk season all



Fylling:

½-1 paprika
½ laukur, saxaður í smátt
1 dós gular baunir
Hrísgrjón
Rifinn ostur



Aðferð:

Ofninn er hitaður í 200 gráður.
Hráefnum hakksins blandað saman
og síðan flatt út í fering á smjörpappír.
Gott er að leggja smjörpappír ofan á hakkið og fletja það síðan út með kökukefli. Fyllingunni er síðan dreift yfir hakkið og því rúllað upp með hjálp smjörpappírsins.

Mér finnst síðan mjög gott að setja ost ofan á rúlluna líka.

Rúllan er svo sett í eldfast mót og hituð í ofni í ca. 35 mínútur.

Auðvelt er að breyta uppskriftinni eftir hentisemi og setja það sem hentar í rúlluna.

Mjög sniðugur réttur til að taka til í ískápnunum.

Vona að þið njótið. Að lokum ætla ég að skora á hann vin minn Ágúst Guðnason á Brúnum.


Kær kveðja

Beta.

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalda Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafð samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



Menn og málefni!



Anna Birta á Ásólfstöðum og Edda Guðrún Arnórsd. Þrándarholti 3 og Þrándur Ingvarsson, Þrándarholti 4 tóku þátt í **NÓTUNNI 2017** í Salnum í Kópavogi 19. mars s.l. Þeirra atriði (Mamma Mía, sexhent) var eitt af fimm atriðum sem voru valin til að taka þátt fyrir hönd Tónlistarskóla Árnesinga. Þau stóðu sig einstaklega vel og við óskum þeim innilega til hamingju með það.



Þrándur Ingvarsson í Þrándarholti 4 varð í þriðja sæti í yngri flokki (1.—7. bekkur) á Skólaskákmóti Suðurlands í Fichersetri á dögnum. Hann hæfileikaríkur drengurinn sá og óskum við honum innilega til hamingju með þennan árangur. Nú eru útskriftir framundan og gaman væri að fá upplýsingar um það til gamans til þess að geta samglaðst ykkur! Látið mig vita fyrir 5. júní af maí útskriftunum. (kidda@skeidgnup.is)



Ákveðið hefur verið að öll börn sem fæðast og fá lögheimilisfesti inn í sveitarfélagið fái glaðning við fæðinguna, þetta er ekki stórgjöf sem sveitarfélagið gefur, heldur ætluð til þess að sýna það í verki að þau séu hjartanlega velkomin.



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSkip



facebook

www.landflutningar.is

Vetraropnun: Alla daga. kl.11:00 -22:00

Sumar 2017 - 9. júní - 20. ágúst .Opið alla daga frá kl.10:00 - 23:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

<http://www.fontana.is>

LAUGARVATN
fontana
Hélsulind frá landnámi

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Er ekki vorið að koma?

Mineraleimer

Alhliða steinefnafata fyrir nautgripi og hross

Kr. 5.780



Phosphoreimer

Steinefnafata fyrir geldkýr og hross

Kr. 6.610



Universalschale

Steinefnafata fyrir sauðfé og hross

Kr. 3.805



Saltsteinn Natur - 10 kg

Kr. 995



Saltsteinn Plus - 10 kg

Með Selen, jöði, mangan o.fl

Kr. 1.335



Uniblock

Alhliða steinefnablokk fyrir sauðfé, nautgripi og hross

Kr. 2.410



Vitablock

Alhliða vitaminblokk

Kr. 2.815



Lambatúttufötur og lambatúttur

5 túttu 8 L

Kr. 2.399



6 túttu 8 L

Kr. 2.877



Vinnugallar

Allar stærðir

Kr. 7.800

og líka á börn

Kr. 6.900



Inngjafasprautur

Kr. 17.770



Skammtasprautur

Kr. 16.792 3 ml



“Klaufa” klippur

Kr. 3.120

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2017
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug

Opið - Open

Miðvikudaga: Wed. 17 - 22

Laugardaga: Sat. 13 - 18

Sunnudaga: Sun. 13 - 18

Skeiðalaug

Opið - Open

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga: Thu. 18 - 22

Sumaropnun hefst 1. júní og auglýst í næsta Fréttabréfi

Erum á facebook.com og sundlaug.is

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺

**Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.**

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Eypór Brynjólfsson s. 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga

ATHUGIÐ — SUMARSTARF!

Velferðarþjónusta Árnesþings óskar eftir starfsmanni í sumar-
afleysingar til að sinna félagslegri heimaþjónustu á heimilum í
Uppsveitum Árnessýslu og Flóa.

Helstu verkefni eru almenn þrif, aðstoð við persónulega umhirðu og
veita félagslegan stuðning og hvatningu. Starfsmaður þarf að hafa bíl
til umráða. Umsóknarfrestur er til 20. maí 2017

Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri. Laun eru skv. kjarasam-
ningum opinberra starfsmanna á Suðurlandi – FOSS.

Nánari upplýsingar veitir Tone Thorgeirsdóttir Lien í síma 480-1180
eða sendið fyrirspurnir í tölvupósti á sigrun@laugaras.is